



# Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Vor 2013

FÉLAG KVENNA Í  
FRÆDSLUSTÖRFUM Á ÍSLANDI



# INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS DELTA KAPPA GAMMA

## Frá orðum til athafna

### Sharing Our Vision – Strengthening Our Society

#### Fréttapistill landssambandsforseta,

#### Sigríðar Rögnu Sigurðardóttur

Tvö ár eru fljót að líða í þessu starfi, sögðu nokkrir fyrrverandi forsetar við mig, þegar ég hóf störf sem forseti landssambandsins, og það voru orð að sönnu. Tíminn hefur hreinlega flogið. Þegar litið er um öxl hefur margt drifið á dagana enda í nægu að snúast innan DKG, engin lognmolla í þeim samtökum og á ekki að vera.

Það hefur verið lærdómsríkt og ánægjulegt að vera starfandi forseti DKG, það getum við allar sammælst um sem gegnt höfum starfinu.



Tæpast hefur liðið sá dagur þessi tvö ár sem ég hef ekki hugsað um félagið, alltaf er eitthvað sem þarfnast afgreiðslu, enda viðfangsefnið ærin.

Til þess að samtökin eflist og styrkist þurfa deildirnar að blómstra, því þarf að huga vel að hverri deild, styrkja innra starfið þar sem grasróttin er, hver deild

hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Hver deild vinnur sjálfstætt undir sameiginlegum formerkjum DKG.

Í skýrslunni sem ritnefndin gaf út á Landssambandsþinginu eru greinargóðar upplýsingar frá öllum deildum, skýrsluna má nálgast á netsíðunni okkar.

Ég hef sem forseti kynnst innra starfi deildanna og get sagt að í öllum deildum er unnið afar metnaðarfullt starf, og hef ég orðið margs vísari í heimsóknum til þeirra. Á hverjum fundi hef ég hugsað með mér, að gaman væri, ef allar DKG konur á Íslandi gætu verið viðstaddar og hlustað. Alltaf er viðfangsefnið athyglivert og fræðandi.

Í öllum deildum sitja glæsilegar, hæfileikaríkar konur með afar fjölbreytta menntun og skiptir miklu máli að deila þekkingu þeirra ekki einvörðungu innan deildanna heldur einnig milli þeirra, og það gerum við með því að skiptast á heimsóknum og með því að nýta betur vefsíðu okkar. Eygló Björnsdóttir vefstjóri, Beta deild, sem jafnframt stýrir Evrópuvefnum og er í alþjóðanefndinni “Communication and Publicity” (samskipta og almannatengsl) og Lára Guðmundsdóttir, formaður ritnefndar, Beta deild, hafa verið mjög hjálplegar öllum sem vilja koma koma einhverju á framfæri á netsíðunni.

Stjórnin setti sér þau markmið í upphafi að efla og styrkja innra starf deildanna, hvetja konur til þátttöku í félagsstarfinu og efla og kynna samtökin útávið. Við ákváðum að fjölga ekki deildum heldur fjölga félögum. Styrkur félagsins byggir á öflugu innra starfi hverrar deildar.

Til að sýna í verki á hvern hátt við gætum styrkt innra starfið fékk stjórnin Sigrúnu Jóhannesdóttur, Delta deild, til að fara af stað með námskeið fyrir deildarkonur. Úr því varð til verkefnið Delta Kappa Gamma stjarnan. Það eru umræðufundir og leiðtoganámskeið, sem hófust í vetur. Vonandi verða sem flestar deildir með DKG stjórn námskeið á komandi vetrardagskrá. Tilgangurinn er að efla konur til að ná árangri í félaginu, og að taka að sér verkefni innan félags DKG jafnt sem utan þess. Nú þegar er búið að halda námskeið hjá Lambda deild og þrjú námskeið til viðbótar eru fyrirhuguð á komandi vetri.

#### Allar fastanefndir hafa haft í nægu að snúast.

Handbókin hefur verið í endurskoðun og er enn, undir dyggri stjórn félaga- og útbreiðslunefndar. Félagatalið er aðgengilegt á netsíðunni.

Nokkra breytingartillögur voru gerðar á reglugerðinni af laganefndinni í samráði við lögsögumann og stjórn landssambandsins.

Ritnefndin gaf út skýrslu sem lá frammi á Landssambandsþinginu frá öllum deildum, frá formönnum nefnda og frá fulltrúum okkar í alþjóðanefndum. Fréttabréf verður gefið út nú í lok starfstímabilsins og birt á netinu. Gott samstarf hefur verið milli ritnefndar og vefstjóra sem skiptir afar miklu máli. Uppstillingarnefnd skilaði inn sínum tillögum með góðum fyrirvara.

Eydís Katla Guðmundsdóttir Epsilon deild hlaut að þessu sinni styrk úr námsstyrkjasjóði, 100.000 krónur, og óskum við henni hjartanlega til hamingju.

Svana Friðriksdóttir Gamma deild hlaut alþjóða styrk. Viljum við hvetja konur í framhaldsnámi til að muna eftir að sækja um alþjóðastyrki. Það eru miklar líkur á að fá slíka styrki. Árlega veitir DKG 30 alþjóða námsstyrki til félagskvenna. Umsóknarfrestur er frá 1. júlí til 1. febrúar.

#### Alþjóðasamstarfið, innlend og erlend þing:

Það er mikilvægt fyrir okkur hér á Íslandi að gera okkur grein fyrir mikilvægi alþjóðasamfélags DKG og nota þau tækifæri sem bjóðast á þeim vettvangi. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur framboðið á netsíðu samtakanna. Á þessu kjörtímabili eiga sjö íslenskar konur sæti í alþjóðanefndum og er það glæsilegt til afspurnar og kynningar.

7. – 10. ágúst næstkomandi verður Evrópuþingið haldið í Amsterdam.

Eygló Björnsdóttir Evrópuvefstjórinn okkar hefur gert allar upplýsingar um þingið í Amsterdam mjög aðgengilegar á alþjóða- netsíðunni. Nú þegar eru komnar um 12

þátttakendur, enn er nægur tími til að skrá sig og við erum að vonast til að fá fleiri í hópinn. Hafið samband við formann ykkar deildar.

Á framkvæmdarársfundinum í september 2012 fékk stjórn landssambandsins Sigrúnu Jóhannesdóttur Delta deild til að fara yfir ýmis atriði sem varða innra starfið í DKG fyrir nýja formenn deilda. Guðbjörg Sveinsdóttir Peta deild ræddi um starf formanns deildar. Eftir hádegisverð fór Steinunn Ármannsdóttir annar varaforseti Alfa deild yfir framkvæmdaáætlun stjórnarinnar og síðan voru störf fastanefnda kynnt.

Þjóðmenningarhúsið við Hverfisgötu í Reykjavík hefur verið rammi utan um stóra viðburði síðustu tveggja ára. Þar var vorþingið haldið sem og báðir framkvæmdaráðsfundirnir. Það má með sanni segja að húsið og öll umgjörð þess sé glæsilegur rammi utan um starfsemi samtakanna.

Landssambandsþingið og aðalfundurinn var haldinn 4. - 5. maí 2013 undir yfirskriftinni "Á flekamótum". Heitið vísar beint til efnis dagskrár landssambandsþingsins. Var sérstaklega hugað að skilum á milli skólakerfa þeirri togstreitu og spennu sem þá getur myndast, og jafnframt að nýta mótin til sköpunar og aukinnar þekkingar. Fræðikonurnar sem fluttu erindin áttu allar það sameiginlegt að hafa gert þessi skil að rannsóknarverkefnum sínum.

Á laugardegnum hófst dagskráin klukkan 10:00 með tónlistaratriði. Sigríður Lára Jóhannesdóttir nemandi í Þjórsárskóla lék tvö lög á fiðlu. Þau sem fluttu erindi á Landssambandsþinginu voru:

#### **Margaret Trybus gestafyrirlesari frá Bandaríkjunum**

Jóhanna Einarsdóttir, Kolbrún Pálsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir og Guðrún Geirsdóttir allar sérfræðingar í greinunum.

Séra Bernharður Guðmundsson, flutti í lokin erindi sem hann nefndi "Starfslok, eru þau lán eða ólán, nema hvorutveggja sé? "

#### **Þingið var vel sótt, um 60 félagskonur voru viðstaddir.**

Að loknum þingstörfum var haldið í menningarferð að Flúðum. Þar skoðuðum við gróðrastöðina Friðheima undir leiðsögn eigenda og nutum glæsilegra veitinga þeirra. Síðan var haldið heim til listakonunnar Önnu Magnúsdóttur sem sýndi okkur listasmiðju sína og bauð upp á heimagerðar veitingar bæði í mat og drykk og skoðuðum við einnig heimili hennar sem er einstaklega listrænt. Aldeilis orðlausar DKG konur sem sneru aftur á Hótel Heklu eftir eftirminnilega menningarferð.

Söngkonan og grunnskólakennarinn Þóra Gyldadóttir toppaði síðan daginn með töfrandi söngrodd sinni. Hún hefur einstaka söngrodd sem sæmir hvaða óperuhúsi sem er. Hátíðarkvöldverður var snæddur á hótelinu og var einstaklega ljúffengur.

Það voru afskaplega hamingjusamar DKG konur sem gengu til náða eftir vel heppnað Landssambandsþing.

Tveir erlendir gestir voru sendiboðar alþjóðasamtakanna, Dr. Lyn Babb Schmid annar varaforseti alþjóðasamtakanna og fór hún yfir allt það sem er á döfinni á alþjóðavettvangi og Dr. Margaret Trybus sem var gestafyrirlesari fyrri daginn.

Á þinginu söfnuðust 35.000 krónur í alþjóða hamafaraskjóð, ( Emergency Fund ) sem afhentur verður í Amsterdam á Evrópuþinginu í ágúst.

Stjórn Landssambandsins 2011 - 2013 ákvað að ljúka starfstímabilinu með því að heiðra tvær konur sem staðið hafa framarlega á sviði mennta- og menningarmála landsins á liðnum áratugum. Þær hafa einnig unnið ótullega frá upphafi að markmiðum DKG og styrkt félagið og stutt og borið hag þess fyrir brjósti. Fyrir það ber að þakka. Þetta eru þær Jenna Jensdóttir kennari og rithöfundur Alfa deild og Rannveig Löve kennari Gamma deild. Sigrún Jóhannesdóttir og Steinunn Ármannsdóttir kynntu starfsferil Rannveigar og Jennu á þinginu. Jenna gat því miður ekki verið viðstödd en Steinunn Ármannsdóttir og undirrituð heimsóttu Jennu, á heimili hennar, tveimur dögum síðar og fæðu henni heiðurskjalíð og rósavönd frá Elínu Hannibalsdóttur úr Epsilon deild. Þess má geta að Elín gaf allar rósirnar sem á þinginu voru og þakkar stjórn landssambandsins henni rausnarlega gjöf.



Epsilon deildin á Suðurlandi lagði mikinn metnað í allan undirbúning og skipulagningu þingsins. Við þökkum Epsilondeildarkonum fyrir glæsilega umgjörð og vandaða skemmtidagskrá, sérstakar þakkar til formanns Epsilondeildar Rósu Mörtu Guðnadóttur.

Bæði vorþingið og landssambandsþingið hafa verið skipulögð með sérstaklega metnaðarfullri, glæsilegri og faglegri dagskrá. Ber sérstaklega að þakka menntamálanefndinni undir stjórn formanns hennar Kristínar Jóhannesdóttur Alfa deild fyrir frábærar dagskrár á báðum þingum. Vorþingsins 2012 var sérstaklega getið í fréttablaðinu Broadcasting the BUZZ undir fyrrisögninni "Iceland Conference Puts the "P" in Professionalism, það var glæsileg umsögn.

Ég þakka öllum mínum samstarfskonum í stjórn landssambandsins, öllum nefndarkonum og hjálparhellum fyrir sérstaklega ánægjulegt og skemmtilegt samstarf og árna nýjum forseta Guðbjörgu M. Sveinsdóttur og nýrri stjórn allra heilla. Það eru glæsilegar konur sem taka við, og ég veit að þeim á eftir að farnast vel á komandi árum.

Við styðjum þær og styrkjum í nýju starfi.

Að lokum, Delta Kappa Gamma konur látum ekki standa við orðin tólm heldur látum verkin tala. Okkar hlutverk er að gera okkur sýnilegar, láta í okkur heyra, starfa saman sem ein heild.

Sigríður Ragna Sigurðardóttir  
forseti landssambandsins 2011 - 2013

# Kynning á nýjum stjórnarkonum í landssambandsstjórn Delta Kappa Gamma

## *Guðbjörg M. Sveinsdóttir, Þetadeild*

Ég heiti Guðbjörg M. Sveinsdóttir og er félagi í Þetadeild á Suðurnesjum. Ég hef verið félagi í DKG síðan 26. nóvember 1998. Ég var formaður Þetadeildar 2010 – 2012 og gjaldkeri deildarinnar í 8 ár. Ég hef verið gjaldkeri landsambandsins frá 2005-2013 og í júlí n.k. tek ég við sem forseti DKG á Íslandi. Starfstímabilið 2013-2015 er ég fulltrúi Evrópu í alþjóðlegri nefnd, World Fellowship Committee.

Ég er menntaður grunnskólakennari, náms- og starfsráðgjafi og er með meistaraþróf í opinberri stjórnsýslu. Ég hef unnið sem grunnskólakennari á öllum aldurstigum, verið rekstrar- og grunnskólafulltrúi á fræðsluskrifstofu og námsráðgjafi í framhaldsskóla. Í dag starfa ég sem aðstoðarskólalastjóri í Grunnskóla Grindavíkur.

Ég hlakka til að takast á við starf forseta DKG og vinna með stjórninni, nefndarkonum og öllum félagskonum að enn frekari uppbyggingu á góðu starfi samtakanna. Ég tel DKG geta styrkt okkur bæði faglega og persónulega. Mikilvægt er að vera virkur og mæta á fundi, bjóða sig fram til nefndarstarfa og sækja ráðstefnur en þar sem líkt og á fundum er boðið upp á metnaðarfulla og faglega dagskrá. Félagskonur hafa einnig möguleika á að kynnast alþjóðlega starfinu t.d. með því að mæta á ráðstefnur erlendis og kynna sér efni heimasíðu samtakanna. Á miklum umbrotatímum í tæknimálum þar sem samskipti fara í auknu mæli fram rafrænt þá tel ég það ómetanlegt fyrir konur í fræðslustörfum að hafa tækifæri til að hittast, ræða málín, skiptast á skoðunum og hafa gaman saman.



## *Kristrún Ísaksdóttir, Gammadeild*

Ég heiti Kristrún Ísaksdóttir og er félagi í Gammadeild í Reykjavík. Ég hef verið félagi í DKG síðan 2. maí 1994. Ég var formaður Gammadeildar 2004 – 2006, formaður menntamálanefndar DKG 2005-2007 og meðstjórnandi í þeirri nefnd 2007-2009.

Ég hef sótt 3 Evrópuþing DKG, hér á landi 2003, í Finnlandi 2005 og í Noregi 2009.

Ég er menntaður grunnskólakennari frá Kennaraskóla Íslands og með embættisþróf í uppeldis- og menntunarfræðum frá Óslóarháskóla (Cand. Paed.). Starfsmenntun hefur lengst af verið mitt sérsvið. Ég skrifaði kandidateitritgerð mína um málefni iðnnema, kenndi starfsmenntakennurum í kennaranámi í Noregi meðfram námi á námsárum mínum þar og sinnti kennslu, ráðgjöf og stjórnun í réttindanámi starfsmenntakennara við Kennaraháskóla Íslands fyrstu árin eftir heimkomuna frá Noregi. Frá árinu 1987 hef ég starfað sem sérfræðingur á skrifstofu menntamála í mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem ég hef sinnt ýmsum verkefnum sem einkum tengjast stefnumótun og námskrárþróun á sviði starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu. Í sumar hefst nýr og spennandi kafli í lífi mínu þar sem ég hef sagt starfi mínu lausu og hyggst halda á vit ævintýra efri árunna.

Nú hlakka ég til að kynnast starfi okkar góðu samtaka frá nýrri hlið, með þátttöku í störfum stjórnar DKG. Ég hef lítið á það sem forréttindi að vera félagi í samtökunum og njóta þar allt í senn faglegrar endurmenntunar, félagslegs samneytis, dýrmætrar vináttu og persónulegrar styrkingar. Ég mun leitast við að taka virkan þátt í starfi nýrrar stjórnar og leggja mitt af mörkum til að efla þetta mikilvæga og merkilega starf í Delta, Kappa Gamma á Íslandi.



## *Marsibil Ólafsdóttir, Kappadeild*

Ég heiti Marsibil Ólafsdóttir og er í Kappadeild. Ég er fyrsti formaður deildarinnar en hún var stofnuð á 30 ára afmæli hjá Delta Kappa Gamma, þann 27. mars árið 2007. Hún er 10. deildin sem stofnuð var innan samtakanna. Venjan er að formenn deilda starfi í tvö ár en ég var formaður hennar í þrjú ár því ég vildi spreyta mig áfram í þessu starfi að einu ári liðnu.

Ég útskrifaðist úr gamla Kennaraskólanum árið 1970 og lauk mastersþrófi í stjórnun vorið 2011 úr sama skóla sem reyndar er kominn á háskólastig. Hér á árum áður starfaði ég sem grunnskólakennari en frá stofnun Hvaleyrarskóla hef ég verið aðstoðarskólalastjóri þess skóla, en hann verður 23 ára núna á þessu ári.

Ég hlakka til að starfa í stjórn DKG. Kynnast betur Guðbjörgu forseta vorum, hennar starfsháttum og öllum þeim ágætu konum sem valdar voru í stjórnina. Ég vil að við styðjum við starfið í deildunum eftir því sem við frekast getum og stofnum e.t.v. eina deild á þessu tímabili. Ég hef persónulega áhuga á því að bæta enskukunnáttu mína og að víkka sjóndeildarhringinn í átt að höfuðstöðvum Delta Kappa Gamma.



### **Sigríður Ragnarsdóttir, Iotadeild**

Ég heiti Sigríður Ragnarsdóttir og er félagi í IOTA-deild á norðanverðum Vestfjörðum. Ég hef verið félagi í DKG frá stofnun IOTA-deildarinnar í júní 2004 og var formaður hennar fyrstu tvö árin. Ég átti sæti í menntanefnd Alþjóðasamtaka DKG (Educational Excellence Committee) á árunum 2010-2012 og á næsta kjörtímabili Landssambands DKG á Íslandi mun ég gegna embætti varaforseta þess.




Sem barn og unglingur gekk ég í skóla á Ísafirði en lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1969. Ég fór síðan í framhaldsnám til Bandaríkjanna í tónlist og klassískum tungumálum og lauk þaðan BA-prófi 1971. Síðar fór ég í framhaldsnám til Þýskalands og loks í Viðskiptaháskólann á Bifröst þar sem ég hef lagt stund á nám í menningarstjórnun. Starfsvettvangur minn hefur fyrst og fremst verið á tónlistarsviðinu, fyrst sem píanóleikari og -kennari og frá árinu 1984 hef ég verið skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar. Ég hef haft umsjón með eða átt virka aðild að mörgum stórum menningarverkefnum á Vestfjörðum, m.a. tónlistarhátíðum, tónleikaröðum og fjölbreyttu tónleikahaldi. Þá starfaði ég lengi sem organisti við Ísafjarðarkirkju og víðar. Félagsmál hafa alla tíð verið mér afar hugleikin, ekki síst þau sem snúa að konum og læt ég mig kvenréttindi miklu varða.

Þátttaka mín starfi DKG hefur veitt mér mikla ánægju og styrkt mig í starfi auk þess sem það hefur veitt mér ómetanleg tækifæri til að kynnast nýjum konum sem ég hef tengst vinaböndum bæði heima í héraði og utan þess. Það er mjög mikilvægt fyrir fólk í fræðslustörfum, ekki síst á fámennari svæðum, að hafa slíkan vettvang þar sem er hægt er að hittast og ræða málin á grunni sem er faglegur en um leið persónulegur. Það er von mín að ég geti orðið landssambandinu að liði næstu tvö árin og hlakka til að kynnast og vinna með þeim konum sem eru í stjórninni en væntanlega mun sérstakur áhugi minn á listum og skapandi greinum setja sitt mark á framlag mitt.

### **Þorgerður Sigurðardóttir, Betadeild**

Nafn mitt er Þorgerður Sigurðardóttir og lauk ég B.ED. prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1983. Seint og um síðir fór ég í framhaldsnám og lauk diplómu í stjórnun frá sama skóla 2004. Þarna var ég komin á bragðið og ákvað að fara í sérkennslufræði við Háskólann á Akureyri og lauk diplómu í þeirri grein 2007. Haustið 2009 byrjaði ég á mastersverkefninu mínu með fullri vinnu sem deildarstjóri og skilaði M.ED. verkefni í stjórnun menntastofnana vorið 2011. Verkefnið var rannsókn á því hvernig þróunarverkefnum er viðhaldið í skólum.



Ég hef starfað í sérskólum og grunnskólum frá árinu 1983 auk þess starfaði ég sem móðurmálskennari í íslensku við nokkra grunnskóla í Gautaborg á árunum 1977-1980. Frá árinu 1983-2007 var ég meðfram kennslunni í ýmsum millistjórnendastörfum í þeim skólum sem ég kenndi. Árið 2007 var ég ráðin deildarstjóri við Lundarskóla á Akureyri og skólaárið 2012 – 2013 leysti ég skólastjórnann af vegna námsleyfis. Í janúar 2013 tók ég við starfi Verkefnisstjóra vettvangsnáms við kennaradeildin Háskólans á Akureyri og starfa þar núna.

Ég byrjaði í Betadeild á Akureyri 2006. Var ritari deildarinnar 2008 – 2010 og formaður 2010 – 2012 og sit núna í stjórn deildarinnar sem fráfarandi formaður til ársins 2014.

Í nýrri stjórn landsambands Delta Kappa Gamma hef ég tekið að mér að vera ritari og hlakka til að prófa það. Hef hingað til ekki starfað í nefndum eða slíku á vegum sambandsins. Ég á von á afar góðu samstarfi með þessum frábæru konum sem eru í stjórninni með mér, gaman að stjórnin skuli vera svona dreifð um landið, við munum eflaust nýta okkur tæknina til að vera í sambandi þó svo ekki megi gleyma mikilvægi þessa að hittast.

Ég sé fyrir mér að ný stjórn haldi áfram á sömu braut og verið hefur, en undanfarin ár hefur verið unnið gott og gefandi starf í samtökunum. Mér finnst mikilvægt að hlúa að þeim konum sem þegar eru í samtökunum og efla þær í að sækja þing bæði innanlands og utan. Við þurfum að finna leiðir til að hvetja þær til þess og kynna fyrir þeim hve gefandi það er að hitta DKG systur hvaðanæva að. Það sem mér finnst einna merkilegast við samtökin á Íslandi er hversu margar konur sem eru í samtökunum eru í ábyrgðarstöðum og hve margar hafa gert merkilegar rannsóknir. Þetta eigum við að nýta okkur og gera gera sýnilegt bæði innan samtakanna og utan. Ég hlakka mikið til að takast á við þetta verkefni þó svo ég viti lítum um það hvað ég er að fara út í.

# Gestir á þingi

Tveir erlendir gestir sóttu okkur heim og tóku þátt í landssambandsþingi DKG í maí. Hér á eftir fara kynningar á þeim og helstu hugmyndum þeirra í tengslum við samtökin.

## **Lyn Babb Schmid, Ed.D** **annar varaforseti alþjóðasamtaka DKG**

“Ég er kennari og elska fólk” segir Lyn Schmid. Á fyrstu námsárum sínum í Auburn University var stefnan tekin á að læra arkitektúr en námsráðgjafi benti henna á að hinn fámenni skóli, High School in Roanoke, Alabama, leyfði stúlkum aðeins að nema heimilisfræði en ekki tækniteikun eins og drengir voru hvattir til að nema. Þessi reynsla Lyn beindi athygli hennar að framtíðarstarfi við kennslu. Hún er á því að það hafi verið rétt ákvörðun að beina áhuga sínum að fólki fremur en byggingum.

Lyn hefur kennt ensku á framhaldskólastigi, unnið sem sérfræðingur í lestrarkennslu á fyrstu tveimur skólastigunum og var skólastjóri grunnskóla við starfslok. Eftir 35 ára starf í þágu almennrar menntunar starfar hún nú sem ráðgjafi hjá námsmatsstofnun á vegum bandaríska menntamálaráðuneytisins.

Að loknu BS prófi frá Auburn, lauk hún mastersprófi frá Millersville University, Pennsylvania og varði doktorsritgerð sína um stjórnun í kennslufræðum og stefnur og áherslur í kennslu frá Temple University, Philadelphia, PA.

Lyn nýtur þess að horfa á amerískan háskóla-fóbolta og körfubolta. Hún er ekkja frá því árið 2006 og þykir vænt um tíkina sína Lolu, vinina og tvo eldri bræður. Hennar hugmynd um góðar stundir er að ræða bókmenntir, kvikmyndir og konur í stjórnunarstöðum um leið og snædd er góð máltíð með glasi af víni. Hún segist vera jákvæð, hugsandi og leiðtogi með eldmóð. Hún elskar húmor og aflið sem í honum býr til að hafa jákvæð áhrif á framkomu fólks.

Sem varaforseti DKG og meðlimur í stjórninni telur hún að Delta Kappa Gamma samtökin séu í framþróun og muni rísa sem sterk samtök í krafti nútíma tækniþróunar.

Lyn vill að við höldum í hefðirnar og finnum sköpunarkraft framtíðarinnar til að skilja tilgang okkar þannig að Delta Kappa Gamma verði framúrskarandi samtök um faglega menntun.



## **Margaret A. Trybus** **gestafyrirlesari á landssambandsþingi DKG**

Margaret A. Trybus er forseti Iota Chapter, Lambda State Illinois, DKG og núverandi stjórnarmaður Bulletin Editorial Board. Hún hefur verið í DKG í 34 ár og hefur fengið skólasyrki bæði frá ríki og alþjóðasamfélaginu.

Starfstitill Margaret er Associate Dean, College of Graduate and Innovative, Professor Ed. Leadership. Hún hefur umsjón með útskriftarnemum og frumkvöðlanámi hjá Concordia University Chicago sem þjónar 5000 útskriftarnemum og rúmlega 100 starfmönnum víða um heim. Hún er kennari þeirra sem stunda masters- og doktorsnám í kennslufræðum og námskrárgerð. Margaret hefur starfað í 32 ár á framhaldsskólastigi sem kennari í listum, formaður deildarinnar og aðstoðarskólastjóri námskrárgerðar og stjórnunar.

Nýlega lauk Margaret Trybus við að semja bókina LEADING SCHOOL CHANGE og í júlí mun koma út bókina MAXIMIZING RESOURCES FOR SCHOOL IMPROVEMENT eftir hana. Margaret segir frá heimspekilegri sýn sinni og áherslum í kennslu:

„Lífssýn mín á menntun hefur mótast af auknum skilningi á huglægum áherslum hjá Concordia háskólanum. Ég trúi því að sérhver hluti starfsins þurfi að innihalda námsþróun til að þroska með hverjum og einum nauðsynlega þekkingu, námstækni og sýn sem skiptir sköpum innan skólanna. Þessi lífssýn mín mótar kennsluna hjá mér, samskipti mín við aðra kennara og hlutverk í stjórnunarteymi skólans.“

### **Heiðarleiki. Þróun gilda**

Það er í gegnum gildi okkar sem við finnum tilgang og innihald í starfi okkar. Persónuleg gildi hafa áhrif á ákvarðanir okkar og móta að lokum hver við erum í raun. Við megum ekki gera ráð fyrir að menntun ákvarði gildin, heldur að skólinn skapi það umhverfi þar sem gildin mótast, þróast og þroskast í gegnum námið. Mikilvægt er að kennarar tileinki sér skuldbindingu við að læra allt lífið og að meta fjölbreytni.

Eitt af mínum gildum er sjálfsþróun og þess vegna hef ég krafist þess af sjálfri mér að vera stöðugt að læra allt lífið. Ég trúi því að við lærum í gegnum reynslu og að þeirri reynslu þurfi að deila til þess að hún skapi vöxt bæði á persónulegu sviði og í menntakerfi okkar. John Dewey sá mikilvægi fyrri reynslu hvers og eins sem afar mikilvægan þátt í þróun



námsins. Hann taldi að í gegnum persónulega reynslu væri mögulegt að byggja á fortíðinni, vinna í nútíðinni og undirbúa framtíðina. Það er í gegnum persónulega reynslu sem maður uppgötvar gildi og þörf fyrir að læra allt lífið. Á dögum Dewey þótti þessi hugmyndafræði framsækin. Í dag tel ég að þessi hugmyndafræði sé mikilvægur og nauðsynlegur þáttur í að undirbúa kennara fyrir framtíðina. Ég kann ekki aðeins að meta að geta komið með mína reynslu inn í kennslustofuna, heldur einnig þá reynslu sem nemendurnir koma með í leit þeirra að betra námi.

### **Að meta fjölbreytni**

Ég met fjölbreytni í hugsun, í menningu og í námsleiðum. Meiri áherslu þarf að leggja á nýtingu á fjölbreytni og birtingu hennar innan skólanna af því að tilgangur námsins er ekki að fyrirskipa lausnir heldur að þróa sýn á gildin, viðmiðin og menninguna sem mun halda áfram að hafa áhrif á og ögra menn í námi. Leiðtogar framtíðarinnar þurfa ekki aðeins að skilja sjálfa sig heldur að vinna að því að skynja og skilja það menningarlega umhverfi sem þeir starfa í. Þetta bendir til þess að nauðsynlegt sé að viðurkenna og greina fjölbreytni á öllum skólastigum. Sérstaklega þarf þetta að gerast á framhaldsskólastiginu til að samþætta mismunandi reynslu nemenda við kennsluna. Með hröðum breytingum innan skólanna þurfa áhrifamiklir leiðtogar framtíðarinnar að hafa þann eiginleika að geta tekið umdeildar ákvarðanir sem byggjast á eigin reynslu en með aukna víðsýni á breytileika samfélagsins.

### **Áhrif á nám nemenda**

Kennarar verða að halda áfram að þróa hæfni í kennslu og námi. Þetta felur í sér þekkingu á námskrá, leiðbeiningar og endurmat. Hæfur kennari þarf að hafa þekkingu á innihaldi og kennslufræði til að koma kennslunni til skila. Hæfur kennari þarf að hafa innsýn í nám nemenda til að geta mætt þörfum hvers og eins og vera frumlegur í aðferðum til að þróa bæði huglægán og skilvirkan skilning á náminu.

Þjónandi leiðtogi. Þróun samfélags og samskipta

Ég trúir því að það sé þörf á þjónandi leiðtogum innan skólanna. Flest mistök innan skóla eru vegna skorts á góðum leiðtogum. Þróun á aðstæðum til náms þarfnast leiðtoga sem hafa áhrif á menningu og vinnuanda skólanna. Þarna er nauðsynlegt að skilningur sé fyrir hendi á að koma á menntaumhverfi þar sem hvatt er til samskipta og þau séu þróuð og metin.

### **Að sýna leiðtogahæfni**

Leiðtogar þurfa að sýna og virkja hæfileika til að hlusta, eiga samskipti, leiðbeina öðrum, styðja og þróa jákvæð samskipti. Starf leiðtoga þarf að vera fyrirbyggjandi frekar en að bregðast við því eftir á því sem vinnur á mótí framþróun. Sergiovanni heldur því fram að leiðtogar verði að vinna með “höfði, hjarta og hönd” og framkvæma réttu hlutina vegna rétttra ástæðna. Nám þarfnast leiðtoga sem hafa gáfur, persónulega færni og vinnusiðferði til að það virki. Leiðtogar þurfa að vera sveigjanlegir til að aðlagast breyttum aðstæðum og spyrna við fótum gagnvart öflum sem hamla breytingum.

### **Uppbygging samfélags**


Það er eingöngu í gegnum samstillt átak þeirra sem mynda samfélag sem leiðtogar ná árangri í því að skapa skóla sem endurspeglar tilgang námsins. Ég trúir því að uppbygging samfélags sé nauðsynleg fyrir skólann til að uppgötva þá sýn sem þarf til að þróa nám hvers einstaklings eins og kostur er. Það er ögrandi verkefni fyrir hvern leiðtoga að byggja upp samfélag þar sem allir eru velkomnir og metnir að verðleikum.

„The Conceptual Framework“ hefur skapað undirstöðuna fyrir lífssýn mína. Í trúir því svo sannarlega að hún endurspegli þörfina fyrir að byggja menntakerfi sem er umvafið heiðarleika, hæfni og þjónandi leiðtogamennsku, þessir þrjú þættir eru samofnir og auðga skólana og leiðtoga þeirra.



# DKG stjarnan - námskeið og umræðufundir

## Umsjón Sigrún Jóhannesdóttir



Innra starf deilda er grundvöllur að öllu starfi innan Delta Kappa Gamma. Nauðsynlegt er að huga stöðugt að því hvernig við vinnum sem best að því að ná markmiðum samtakanna. Nú er lands sambandið með í boði umræðufundi og námskeið fyrir deildir og félagar þar sem sjónum er beint að innra starfi og því hvernig við getum eftt okkur í því.

*Við köllum þessa umræðufundi DKG stjörnuna. Hin mismunandi svið störmunnar fela í sér bæði hugmyndafræði og hagkvæmni. Hvernig hugsum við starfið og hvað gerum við í DKG?*

Tilgangurinn er að efla DKG konur í að ná árangri í félaginu og auka sjálfstraust til að taka að sér mismunandi verkefni, jafnt innan DKG sem utan.

Dæmi um efnisþætti :

*Sjálfskoðun og sjálfsuppbygging með DKG-Stjörnunni*

*Leiðarljós, tæki og tól til að vinna með*

*Félags-, funda- og tímastjórnun – hefðir og reglur DKG - dæmi og umræður*

DKG-stjarnan felur í sér mikið efni og margskipt. Fyrst um sinn, meðan reynsla er að komast á framkvæmdina, eru þessar 3 mismunandi leiðir að velja um:

*Innlegg á deildarfundi – 1-2 klst. Yfirlit yfir hugmyndafræði DKG-stjörnunnar og þau tæki og tól sem nýtast okkur í starfinu og utan þess.*

*Sérstök vinnustofa/fræðslufundur (workshop) 2 -3 klst. með 12-16 þátttakendum þar sem við vinnum með ákveðin svið DKG stjörnunnar. Miklar umræður og fjör!*

*Námskeið fyrir 12-16 þátttakendur. 2x2 klst. og smá vinna á milli! Heljarinnar fjör J*

Deildir geta ákveðið að nota stjörnuna sem efni á almennum deildarfundi, tekið sig saman um einhverja leið og/ eða verið með námskeið á eigin vegum ef nægur þátttakendafjöldi fæst! Það er hægt að hugsa sér mismunandi samsetningar aðlögun að ykkar þörfum! Valið er ykkar J

### **Kostnaður:**

Deildir og/eða einstaklingar greiða ákveðið gjald í Fræðslusjóð landssambandsins til að mæta kostnaði við fræðsluna allt eftir ákvörðun stjórnar í deildinni.



# Sigrún Jóhannesdóttir

Ýmis stjórnunarmenntun og stjórnunarreynsla

- 1972-2012 Ýmis konar formennska í félögum, nefndum og stjórnnum á ýmsum sviðum.
- 2001 Leadership/Mangagement Seminar við The University of Texas at Austin, McCombs School of Business – Graduate School of Business (Hluti af MBA námsbraut, continuing education units 7.2) Styrkt af Delta Kappa Gamma Society International 2001.
- 2000 Leadership Diamondá – Leiðtogatígullinná – Leiðtoga- og stjórnunarfræði Dr. Peters Koestenbaum – og Kennsluréttindi við Leiðtogatígulinn. Umsjón Dr. Peter Koestenbaum og Rolf Falkenberg (40 klst.).
- 1999-2002 „Efling stjórnmalakvenna“ og „Fleiri konur á Alþingi“ námskeiðaröð, sem stjórnskipuð nefnd á vegum Félagsmálaráðuneytisins, hélt víðsvegar um land í samstarfi við símenntunarstofnanir. Kennsla og hönnun á námsþættinum: „Nýjar leiðir til að nýta tíma og auka árangur“ (9 námskeið x 4 klst.).
- 2000-2001 Fastráðinn verkefna- og gæðastjóri hjá starfsþróunar-fyrirtækinu Skref fyrir skref. Verkefnisstjóri í leiðtoganámskeiðinu STEPS, sérstöku 6 mánaða leiðtoganámskeiði fyrir konur í atvinnulífinu.
- 1997-2000 Sjálfstætt starfandi menntaráðgjafi í ýmsum verkefnum á vegum menntamálaráðuneytis og einkaaðila.
- Úttektir á skólastarfi, kennsla á námskeiðum hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, Námsflokkum Reykjavíkur, Menningar- og fræðslusambandi alþýðu og hjá einkaaðilum. Verktaki hjá starfsþróunar-fyrirtækinu Skref fyrir skref.
- 1995-1997 Aðstoðarrektor og lektor við Samvinnuháskólann á Bifröst (2. og 3. námsár). Fullorðinsfræðsla og starfsmannþjálfun.
- 1993-1995 Ýmis konar félagsmálafræðsla fyrir nemendur Samvinnuháskólans.
- 1985-1987 Umsjón, stjórnun og kennsla í Kvennaframa, sérstökum félagsmálanámskeiðum fyrir konur í Samvinnuhreyfingunni um allt land. Nokkur hundruð konur luku þeim námskeiðum.
- 1985-1986 Hönnun og undirbúningur á sérstökum félagsmálanámskeiðum á vegum SÍS, „Kvennaframa“, í lok kvennaáratugar, ætluðum fyrir konur í Samvinnuhreyfingunni til að örva þær til virkrar þátttöku í félagsmálum.



## Golden Gift nefndin

Hlutverk Golden Gift nefndarinnar er að standa fyrir leiðtoga- og stjórnunarnámskeiði annað hvert ár í samstarfi við McCombs School of Business Texas Executive Education í Texasháskóla í Austin. Um er að ræða tveggja vikna námskeið sem verður næst haldið frá 29. júní til 11. júlí 2014. Þátttakendur greiða aðeins 500 dollara – ferðir, uppihald, kennsla og kennslugögn eru ókeypis miðað við að deila herbergi með öðrum. Ef viðkomandi kys að vera í einmannsherbergi kostar það aukalega um 500 dollara. Umsóknarfrestur er 1. desember 2013.

Hér er um metnaðarfullt námskeið að ræða sem tekur á ýmsum þáttum á sviði stjórnunar og gerir þátttakendur að betri leiðtogum í starfi sem á vettvangi Delta Kappa Gamma. Námskeiðið er skipulagt af fyrrgreindri deild Texasháskóla og þaðan koma einnig leiðbeinendurnir.

Á hverju námskeiði eru 30 þátttakendur. Til að geta sótt um þarf félagskona í Delta Kappa Gamma að hafa verið í félaginu a.m.k. í þrjú ár.

Eins og fyrr segir er þátttökugjaldið 500 dollarar og er það aðeins brot af kostnaðinum, en áætlað er að kostnaðurinn við hvern nemanda sé um 6000 dollarar. Kostnaðurinn er greiddur af arði af höfuðstólum í Golden Gift sjóðnum. Það er mikilvægt að styrkja sjóðinn og leita því alþjóðasamtökin eftir fjárframlögum. Það væri ánægjulegt ef við íslensku Delta Kappa Gamma konurnar gætum lagt okkar af mörkum t.d. með 1000 kr. frá hverri. Þessu er varpað fram til umhugsunar og vonandi framkvæmdar næstu landssambandsstjórnar.

Endilega kynnið ykkur námskeiðið á heimasíðu samtakanna. Fáeinar íslenskar Delta Kappa Gamma konur hafa sótt námskeiðið. Vonandi verða nokkrar íslenskar umsóknir í bunkanum sem nefndin fær til umfjöllunar í desember næstkomandi. Það verða væntanlega margar um hituna, en „miði er alltaf möguleiki“.

Minnt verður á málið á heimasíðu Delta Kappa Gamma á Íslandi í haust.

Guðný Helgadóttir, Gammadeild



## Frá samskipta- og ritnefnd

Með þessu fréttabréfi lýkur hlutverki núverandi ritnefndar. Fyrir landssambandsþingið í maí var gefið út hefti með frásögnum af starfi deilda DKG í vetur og flestra nefnda sem starfandi eru innan samtakanna. Það var ánægjulegt að fá efni frá öllum deildum að þessu sinni. Samantekt þessa má finna inni á heimsíðu DKG:

[http://dkg.muna.is/static/files/skjol\\_landssamband/skyrslur\\_vor\\_2013.pdf](http://dkg.muna.is/static/files/skjol_landssamband/skyrslur_vor_2013.pdf)

Við í samskipta- og ritnefnd sendum öllum félagskonum bestu óskir um gleðilegt sumar og þeim sem ætla að sækja Evrópuþingið í Amsterdam í ágúst óskum við góðrar ferðar og hlökkum til að fræðast um þingið í haust.

Við hvetjum allar Delta Kappa Gamma konur til að fylgjast vel með á vef samtakanna, hjálpumst að við að gera vefinn virkan:

<http://dkg.muna.is>

Fyrir hönd samskipta- og ritnefndar  
Lára Guðmundsdóttir, Petadeild

## Landssambandsþing Delta Kappa Gamma á Hótel Heklu 4. maí 2013

*Yfirskrift þingsins var „Á flekamótum Umsjón hafði Epsilondeild á Suðurlandi“*



# Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma

Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum



**Heimasíðan okkar er:**

<http://dkg.muna.is>

**Heimasíða alþjóðasamtakanna er:**

<http://dkg.org>